

## REGLUGERÐ

**um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 284/2012 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fódri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu.**

### 1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. og II. kafla, I. viðauka og XII. kafla, II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. og II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 1. maí 2010, öðlast eftirfarandi ESB-gerð gildi hér á landi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 284/2012 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fódri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 961/2011.

### 2. gr.

Ofangreind reglugerð framkvæmdastjórnarinnar er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

### 3. gr.

Allur kostnaður við opinbert eftirlit, þ.m.t. sýnataka, greining sýna, geymsla, förgun og allar aðrar ráðstafanir sem gripið er til skal greiddur af innflutnings- og dreifingaraðilum eftir því sem við á.

### 4. gr.

Innflutnings- eða dreifingaraðilar sem flytja inn eða dreifa vörum sem reglugerð þessi tekur til, skulu senda Matvælastofnun tilkynningu og gögn um fyrirhugaðan innflutning ásamt upplýsingum um áætlaðan komutíma.

### 5. gr.

Matvælastofnun hefur eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt samkvæmt 6. gr. laga nr. 93/1995, um matvæli og 3. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru.

### 6. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. e laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru.

### 7. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 27. gr. b og 31. gr. a laga nr. 93/1995, um matvæli og 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Við gildistöku þessarar reglugerðar fellur úr gildi reglugerð nr. 386/2011.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 4. júní 2012.*

F. h. r.

**Sigurgeir Þorgeirsson.**

*Baldur P. Erlingsson.*

**Fylgiskjal.****FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 284/2012**

frá 29. mars 2012

**um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fœðri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 961/2011**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

utan gildissviðs þessarar reglugerðar til að draga úr stjórmsýsluálagi hjá japönskum yfirvöldum og lögbærum yfirvöldum innflutningsaðildarríkjanna.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla <sup>(1)</sup>, einkum ii. lið b-liðar 1. mgr. 53. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 53. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 er kveðið á um möguleika á að samþykkja viðeigandi neyðarráðstafanir Evrópusambandsins vegna matvæla og fœðurs, sem flutt eru inn frá þriðja landi, til að vernda heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfið ef ekki er hægt að hafa fullnægjandi stjórn á þessari áhættu með þeim ráðstöfunum sem aðildarríkin hafa gripið til hvert fyrir sig.
- 2) Í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu 11. mars 2011 var framkvæmdastjórninni tilkynnt um að styrkur geislavirkra kjarnategunda í tilteknum matvælum, sem eru upprunnin í Japan, væri umfram þau aðgerðarmörk fyrir matvæli sem gilda í Japan. Slík mengun getur skapað hættu fyrir heilbrigði manna og dýra í Evrópusambandinu og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 297/2011 frá 25. mars 2011 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fœðri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu <sup>(2)</sup> var því samþykkt. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 961/2011 <sup>(3)</sup> kom síðar í stað þeirrar reglugerðar.
- 3) Japönsk yfirvöld hafa upplýst framkvæmdastjórnina um að í þeim mörgu sýnum sem tekin voru úr sake og öðrum brenndum drykkjum (viskí og shochu) hafi engin geislavirkni fundist. Ferlið þar sem slípun, gerjun og eiming fer fram fjarlægir geislavirknina nær algjörlega úr brennda drykknum sjálfum. Japönsk yfirvöld munu fylgja þessu eftir með áframhaldandi eftirliti með sake, viskí og shochu. Því er rétt að sake, viskí og shochu falli

- 4) Japönsk yfirvöld samþykktu 24. febrúar 2012 ný hámarksgildi fyrir samanlagt magn sesíums-134 og sesíums-137, sem skulu gilda frá og með 1. apríl 2012, þar sem gert er ráð fyrir umbreytingarráðstöfunum fyrir hrisgrjón, nautakjöt og sojabaunir og afurðir sem unnar eru úr þeim, sem eru lægri en hámarksgildin sem voru fastsett með reglugerð ráðsins (KBE nr. 3954/87 frá 22. desember 1987 um leyfð hámarksgildi fyrir geislavirka mengun í matvælum og fœðri í kjölfar kjarnorkuslyss eða hvers kyns annars neyðarástands af völdum geislunar <sup>(4)</sup>). Umbreytingarráðstafanirnar fyrir nautakjöt varða á engan hátt innflutning inn í Evrópusambandið þar eð innflutningur á nautakjöti frá Japan til Sambandsins er ekki leyfilegur af öðrum ástæðum en geislavirkni sem varða heilbrigði dýra og lýðheilsu. Japönsk yfirvöld upplýstu einnig framkvæmdastjórnina um að afurðir, sem ekki má setja á markað í Japan, megi ekki heldur flytja út. Þó að engar öryggisástæður liggja þar að baki er engu að síður rétt, í því skyni að hafa samræmi milli eftirlits sem japönsk yfirvöld framkvæma fyrir útflutning og eftirlits með styrk geislavirkra kjarnategunda sem fram fer á fœðri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, við komu þeirra í Evrópusambandið, að beita sömu hámarksgildum fyrir styrk geislavirkra kjarnategunda í fœðri og matvælum frá Japan í Sambandinu og þeim sem gilda í Japan svo fremi sem þessi gildi séu lægri en gildin sem voru fastsett með reglugerð (KBE) nr. 3954/87.
- 5) Skömmu eftir kjarnorkuslysið var gerð krafa um eftirlit með því hvort joð-131 væri fyrir hendi og með samanlögðu magni sesíums-134 og sesíums-137 í fœðri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan, þar eð vísbendingar voru um að losun geislavirkni í umhverfið tengdist að miklu leyti joði-131, sesíum-134 og sesíum-137 og aðeins var afar takmörkuð eða engin losun á geislavirku kjarnategundunum strontíum (Sr-90), plútoni (Pu-239) og ameríkíni (Am-241). Helmingunartími joðs-131 er stuttur eða 8 dagar og þar eð engin geislavirkni hefur losnað út í umhverfið frá kjarnorkuverinu sem slysið varð í undanfarna mánuði og kjarnaofninn, sem um er að ræða, er nú í stöðugu ástandi og ekki er búist við frekari losun út í umhverfið er joð-131 ekki lengur til staðar í umhverfinu og þar með ekki heldur í fœðri eða matvælum frá Japan. Því var ekki lengur þörf á eftirliti með því hvort joð-131 væri fyrir hendi í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1371/2011 frá 21. desember 2011 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 961/2011 um setningu

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 80, 26.3.2011, bls. 5.<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 252, 28.9.2011, bls. 10.<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 371, 30.12.1987, bls. 11.

sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fódri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu <sup>(1)</sup>. Því er ekki þörf á að viðhalda hámarksgildum fyrir jod-131 í þessari reglugerð.

- 6) Í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 961/2011 er einnig kveðið á um hámarksgildi fyrir strontíum, plúton og ameríkín ef um hefði verið að ræða nýja losun geislavirkni út í umhverfið, þ.m.t. þessar geislavirku kjarnategundir. Þar eð kjarnaofninn, sem um er að ræða, er nú í stöðugu ástandi eru engar eða afar litlar líkur á nýrri losun geislavirkni út í umhverfið og losun á strontíum, plútoni og ameríkíni út í umhverfið hefur ekki verið umtalsverð í kjölfar slyssins í kjarnorkuverinu og því er ljóst að eftirlit með því hvort þessar geislavirku kjarnategundir eru fyrir hendi í matvælum eða fódri frá Japan er ekki nauðsynlegt. Þar af leiðir að ekki er þörf á að viðhalda hámarksgildum fyrir þessar geislavirku kjarnategundir í þessari reglugerð.
- 7) Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 961/2011 hefur verið breytt tvisvar til að taka tillit til þróunar á ástandinu. Þar eð í þessari reglugerð er kveðið á um frekari breytingar, sem hafa í för með sér breytingar á allnokkrum ákvæðum þeirrar reglugerðar, er rétt að ný reglugerð komi í stað framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 961/2011.
- 8) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMBÝKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Gildissvið**

Reglugerð þessi gildir um fódur og matvæli í merkingu 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (KBE) nr. 3954/87, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, að undanskildum:

- afurðum sem voru sendar frá Japan fyrir 28. mars 2011,
- afurðum sem voru uppskornar og/eða unnar fyrir 11. mars 2011,
- sake sem fellur undir SAT-númer úr 22060039 (freyðandi), úr 22060059 (ófreyðandi, í ílátum sem rúma 2 lítra eða minna) eða úr 22060089 (ófreyðandi, í ílátum sem rúma meira en 2 lítra).
- viský sem fellur undir SAT-númerið 220830,
- shochu sem fellur undir SAT-númer úr 22089056, úr 22089069, úr 22089077 eða úr 22089078.

*2. gr.*

**Skilgreiningar**

Að því er varðar þessa reglugerð merkir „umbreytingarráðstafanir sem kveðið er á um í japanskri löggjöf“ þær umbreytingarráðstafanir sem japönsk yfirvöld samþykktu 24. febrúar 2012 að því er varðar hámarksgildi fyrir samanlagt

magn sesíums-134 og sesíums-137, eins og sett er fram í III. viðauka.

*3. gr.*

**Innflutningur til Evrópusambandsins**

Fóður og matvæli (hér á eftir nefndar „afurðir“), sem um getur í 1. gr., má aðeins flytja til Evrópusambandsins ef þau eru í samræmi við þessa reglugerð.

*4. gr.*

**Hámarksgildi fyrir sesíum-134 og sesíum-137**

1. Afurðirnar, sem um getur í 1. gr., að undanskildum hrísgrjónum, sojabauunum og afurðum unnum úr þeim, skulu vera í samræmi við hámarksgildin fyrir samanlagt magn sesíums-134 og sesíums-137, eins og sett er fram í II. viðauka.

2. Hrísgjón, sojabauunir og afurðir unnar úr þeim skulu vera í samræmi við hámarksgildin fyrir samanlagt magn sesíums-134 og sesíums-137, eins og sett er fram í III. viðauka.

*5. gr.*

**Yfirlýsing**

1. Hverri sendingu af afurðum, sem um getur í 1. gr., skal fylgja gild yfirlýsing sem er samin og undirrituð í samræmi við 6. gr.

2. Í yfirlýsingunni, sem um getur í 1. mgr., skal:

- staðfesta að afurðirnar séu í samræmi við gildandi löggjöf í Japan og
  - tilgreina hvort afurðirnar falli undir umbreytingarráðstafanirnar, sem kveðið er á um í japönsku löggjöfinni, eða ekki.
3. Í yfirlýsingunni, sem um getur í 1. mgr., skal ennfremur votta að:

- afurðirnar hafi verið uppskornar og/eða unnar fyrir 11. mars 2011, eða
- að afurðirnar komi upprunalega frá og séu sendar frá öðru héraði en Fukushima, Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Yamanashi, Saitama, Tokyo, Chiba, Kanagawa og Shizuoka, eða
- að afurðirnar séu sendar frá héruðunum Fukushima, Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Yamanashi, Saitama, Tokyo, Chiba, Kanagawa eða Shizuoka en komi ekki upprunalega frá einhverju þessara héraða og hafi ekki orðið fyrir geislavirkni við flutninginn, eða
- ef afurðirnar koma upprunalega frá héruðunum Fukushima, Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Yamanashi, Saitama, Tokyo, Chiba, Kanagawa og Shizuoka: að afurðunum fylgi skýrsla um greiningu þar sem fram koma niðurstöður úr sýnatöku og greiningu.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 341, 22.12.2011, bls. 41.

4. Ákvæði d-liðar 3. mgr. skulu einnig gilda um afurðir, sem eru veiddar eða uppskornar í strandsjó héraðanna sem þar er getið um, óháð því hvar slíkum afurðum er landað.

6. gr.

#### Samning og undirritun yfirlýsingarinnar

1. Yfirlýsingin, sem um getur í 5. gr., skal samin í samræmi við fyrirmyndina í 1. viðauka.

2. Að því er varðar afurðirnar, sem um getur í a-, b- eða c-lið 3. mgr. 5. gr., skal viðurkenndur fulltrúi lögbærra japanskra yfirvalda eða viðurkenndur fulltrúi aðila, sem lögbær, japönsk yfirvöld viðurkenna og starfar undir þeirra stjórn og eftirliti, undirrita yfirlýsinguna.

3. Að því er varðar afurðirnar, sem um getur í d-lið 3. mgr. 5. gr., skal viðurkenndur fulltrúi lögbærra, japanskra yfirvalda undirrita yfirlýsinguna og henni skal fylgja skýrsla um greiningu þar sem fram koma niðurstöður úr sýnatöku og greiningu.

7. gr.

#### Auðkenning

Hver sending af afurðum, sem um getur í 1. gr., skal auðkennd með kóða sem skal tilgreindur á yfirlýsingunni sem um getur í 1. mgr. 5. gr., á skýrslunni um greiningu sem um getur í 3. mgr. 6. gr., á heilbrigðisvottorði og á öllum viðskiptaskjölum sem fylgja sendingunni.

8. gr.

#### Skoðunarstöðvar á landamærum og tilnefndur komustaður

Sendingar á afurðum, sem um getur í 1. gr., að undanskildum þeim sem falla undir tilskipun ráðsins 97/78/EB <sup>(1)</sup>, skulu fluttar inn í Evrópusambandið um tilnefndan komustað í merkingu b-liðar 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009 <sup>(2)</sup> (hér á eftir nefndur „tilnefndur komustaður“).

9. gr.

#### Fyrirframtilkynning

Stjórnendur fôður- og matvælafyrirtækja eða fulltrúar þeirra skulu senda lögbærum yfirvöldum á skoðunarstöð á landamærum eða á tilnefndum komustað fyrirframtilkynningu um komu hverrar sendingar af afurðum, sem um getur í 1. gr., a.m.k. tveimur virkum dögum áður en sendingin kemur á staðinn.

10. gr.

#### Opinbert eftirlit

1. Lögbær yfirvöld á skoðunarstöð á landamærum eða tilnefndum komustað skulu annast:

a) sannprófun skjala með öllum afurðasendingum sem um getur í 1. gr.,

b) eftirlit með ástandi og sannprófun auðkenna, þ.m.t. greining á rannsóknarstofu, til að kanna hvort sesíum-134 og sesíum-137 sé fyrir hendi, á a.m.k.:

i. 5% af afurðasendingunum sem um getur í d-lið 3. mgr. 5. gr. og

ii. 10% af afurðasendingunum sem um getur í b- og c-lið 3. mgr. 5. gr.

2. Sendingar skulu vera undir opinberu eftirliti að hámarki í fimm virka daga þar til niðurstaða fæst úr greiningu á rannsóknarstofu.

3. Ef niðurstöður greiningar á rannsóknarstofu leiða í ljós að ábyrgðaryfirlýsingarnar, sem veittar eru í yfirlýsingunni, eru rangar telst yfirlýsingin ógild og sendingin af fôðri eða matvælum er ekki í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

11. gr.

#### Kostnaður

Stjórnandi fôður- og matvælafyrirtækisins skal bera allan kostnað, sem um getur í 10. gr., sem fellur til vegna opinbers eftirlits og annast allar ráðstafanir sem gripið er til ef ákvæðum er ekki fylgt.

12. gr.

#### Setning í frjálsa dreifingu

Sendingarnar má því aðeins setja í frjálsa dreifingu ef stjórnendur fôður- og matvælafyrirtækja eða fulltrúi þeirra leggur fram yfirlýsingu hjá töllyfirvöldum, eins og um getur í 1. mgr. 5. gr.:

a) sem lögbært yfirvald á skoðunarstöðinni á landamærum eða tilnefnda komustaðnum hefur áritað á viðeigandi hátt og

b) þar sem sýnt er fram á að opinbert eftirlit, sem um getur í 10. gr., hafi farið fram og að niðurstöður þess eftirlits hafi verið hagstæðar.

13. gr.

#### Afurðir sem ekki uppfylla ákvæði

Afurðir sem uppfylla ekki ákvæði þessarar reglugerðar skulu ekki settar á markað. Slíkum afurðum skal fargað á öruggan hátt eða þær sendar aftur til upprunalandsins.

14. gr.

#### Skýrslur

Aðildarríki skulu nota hraðviðvörðunarkerfið fyrir matvæli og fôður (RASFF) til að upplýsa framkvæmdastjórnina mánaðarlega um allar niðurstöður úr greiningum.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 194, 25.7.2009, bls. 11.

15. gr.

**Niðurfelling**

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 961/2011 er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

16. gr.

**Umbreytingarráðstöfun**

Þrátt fyrir 3. gr. má flytja afurðir, sem um getur í 1. gr., inn í Evrópusambandið ef þær eru í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 961/2011 ef:

- a) afurðirnar voru sendar frá Japan fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða

- b) afurðunum fylgir yfirlýsing, sem er í samræmi við þá reglugerð, sem var gefin út fyrir 1. apríl 2012 og afurðirnar voru sendar frá Japan fyrir 15. apríl 2012.

17. gr.

**Gildistaka og gildistími**

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda á gildistöku degi og gildir til 31. október 2012. Reglugerðin verður endurskoðuð reglulega með tilliti til þróunar á mengunarástandinu.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. mars 2012.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel Barroso

*forseti.*

## I. VIÐAUKI

## Yfirlýsing fyrir innflutning til Evrópusambandsins á

..... (Afurð og upprunaland)

Auðkenniskóði framleiðslulotu ..... Yfirlýsing nr. ....

Samkvæmt ákvæðum framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. XXXX/2012 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fòðri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu

.....  
 ..... (viðurkenndur fulltrúi sem um getur í 5. mgr. 3. gr.)

LÝSIR ÞVÍ YFIR að

..... (afurðir sem um getur í 1. gr.)

í þessari sendingu sem er samsett úr: .....

..... (lýsing á sendingu, afurð, fjöldi og tegund pakkninga, brúttó- eða nettóþyngd)

fermd í ..... (fermingarstaður)

hinn ..... (fermingardagur)

af ..... (nafn flutningsaðila)

fer til: ..... (ákvörðunarstaður og -land)

sem kemur frá starfsstöðinni .....

..... (nafn og pósthfang starfsstöðvar)

eru í samræmi við gildandi löggjöf í Japan að því er varðar hámarksgildi fyrir samanlagt magn sesíums-134 og sesíums-137.

LÝSIR ÞVÍ YFIR að sendingin varðar fòður eða matvæli sem

**falla ekki undir umbreytingarráðstafanirnar** sem kveðið er á um í japönsku löggjöfinni (sjá III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 284/2012) að því er varðar hámarksgildi fyrir samanlagt magn sesíums-134 og sesíums-137

**falla undir umbreytingarráðstafanirnar** sem kveðið er á um í japönsku löggjöfinni (sjá III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 284/2012) að því er varðar hámarksgildi fyrir samanlagt magn sesíums-134 og sesíums-137

LÝSIR ÞVÍ YFIR að sendingin varðar fòður eða matvæli sem

voru uppskorin og/eða þau unnin fyrir 11. mars 2011.

eru upprunnin í og send frá öðru héraði en Fukushima, Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Yamanashi, Saitama, Tokyo, Chiba, Kanagawa og Shizuoka.

eru send frá héruðunum Fukushima, Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Yamanashi, Saitama, Tokyo, Chiba, Kanagawa og Shizuoka en eru ekki upprunnin í einhverju þessara héraða og hafa ekki orðið fyrir geislavirkni við flutninginn.

eru upprunnin í héruðunum Fukushima, Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Yamanashi, Saitama, Tokyo, Chiba, Kanagawa og Shizuoka og sýni voru tekin úr þeim .....

(dagsetning) á .....

(heiti rannsóknarstofu), til að ákvarða styrk geislavirku kjarnategundanna sesíums-134 og sesíums-137. Skýrslan um greiningu fylgir með.

Gjört í ..... hinn .....

Stimpill og undirskrift

viðurkennds fulltrúa sem um getur í 2. og 3. mgr. 6. gr.

Þessi hluti skal fylltur út af lögbæru yfirvaldi á skoðunarstöð á landamærum eða tilnefndum komustað

- Sendingin hefur verið samþykkt til framlagningar hjá töllyfirvöldum í því skyni að setja hana í frjálsa dreifingu í Evrópusambandinu.
- Sendingin hefur EKKI verið samþykkt til framlagningar hjá töllyfirvöldum í því skyni að setja hana í frjálsa dreifingu í Evrópusambandinu.

.....  
(Lögbært yfirvald, aðildarríki)

.....  
Dagsetning

Stimpill

Undirritun

\_\_\_\_\_

## II. VIÐAUKI

**Hámarksgildi fyrir matvæli <sup>(1)</sup>(Bq/kg) eins og kveðið er á um í japanskri löggjöf**

	Matvæli fyrir ungbörn og smábörn	Mjólk og mjólkurafurðir	Önnur matvæli, að eftirfarandi undanskildum: — ölkelduvatn og áþekkir drykkir — te sem er lagað úr ógerjuðum laufum — sojabaunir og sojabaunaafurðir <sup>(4)</sup>	Ölkelduvatn og áþekkir drykkir og te sem er lagað úr ógerjuðum laufum
Samanlagt magn og sesíums-134 og sesíums-137	50 <sup>(2)</sup>	50 <sup>(2)</sup>	100 <sup>(2)</sup> <sup>(3)</sup>	10 <sup>(2)</sup>

<sup>(1)</sup> Þegar um er að ræða þurrkaðar vörur, sem ætlaðar eru til neyslu eftir að þær hafa verið endurgerðar með því að bæta vatni í þær, á hámarksgildið við um endurgerðu vöruna þegar hún er tilbúin til neyslu. Þegar um er að ræða þurrkaða sveppi skal beita endurgerðarstuðlinum 5. Þegar um er að ræða te á hámarksgildið við um seyðið sem er lagað úr telafunum. Vinnsluáætlunin fyrir þurrkað te er 50 og því tryggir hámarksgildi sem nemur 500 Bq/kg fyrir þurrkuð telafu að styrkurinn í lagaða teinu fari ekki yfir hámarksgildið 10 Bq/kg.

<sup>(2)</sup> Til að tryggja samræmi við hámarksgildin sem gilda, eins og sakir standa, í Japan skulu þessi gildi koma til bráðabirgða í staðinn fyrir gildin sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (KBE) nr. 3954/87.

<sup>(3)</sup> Þegar um er að ræða hrisgrjón og hrisgrjónaafurðir skal hámarksgildið gilda frá og með 1. október 2012. Fyrir þá dagsetningu skal hámarksgildið 500 Bq/kg gilda.

<sup>(4)</sup> Þegar um er að ræða sojabaunir og sojabaunaafurðir skal hámarksgildið 500 Bq/kg gilda.

**Hámarksgildi fyrir fæður <sup>(1)</sup>(Bq/kg) eins og kveðið er á um í japanskri löggjöf**

	Fæður sem er ætlað fyrir kýr og hesta	Fæður sem er ætlað fyrir svin	Fæður sem er ætlað fyrir alifugla	Fiskafæður <sup>(2)</sup>
Samanlagt magn og sesíums-134 og sesíums-137	100 <sup>(2)</sup>	80 <sup>(2)</sup>	160 <sup>(2)</sup>	40 <sup>(2)</sup>

<sup>(1)</sup> Hámarksgildi í fæðri, reiknað út frá 12% rakainnihaldi.

<sup>(2)</sup> Til að tryggja samræmi við hámarksgildin sem gilda, eins og sakir standa, í Japan skal þetta gildi koma til bráðabirgða í staðinn fyrir gildið sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (KBE) nr. 770/90 (Stjóð. EB L 83, 30.3.1990, bls. 78).

<sup>(3)</sup> Að undanskildu fæðri fyrir skrautfiska.

*III. VIÐAUKI*

**Umbreytingarráðstafanir sem kveðið er á um í japanskri löggjöf og er beitt í tengslum við þessa reglugerð**

- a) Mjólk og mjólkurafurðir, ölkelduvatn og áþekkir drykkir, sem eru framleidd og/eða unnin fyrir 31. mars 2012, skulu ekki innihalda meira af geislavirku sesíum en sem nemur 200 Bq/kg. Önnur matvæli, að undanskildum hrísgrjónum, sojabaunum og afurðum sem eru unnar úr þeim, sem eru framleidd og/eða unnin fyrir 31. mars 2012 skulu ekki innihalda meira af geislavirku sesíum en sem nemur 500 Bq/kg.
- b) Hrísgjón, sem eru uppskorin fyrir 30. september 2012, skulu ekki innihalda meira af geislavirku sesíum en sem nemur 500 Bq/kg.
- c) Afurðir úr hrísgrjónum, sem eru framleiddar og/eða unnar fyrir 30. september 2012, skulu ekki innihalda meira af geislavirku sesíum en sem nemur 500 Bq/kg.
- d) Sojabaunir skulu ekki innihalda meira af geislavirku sesíum en sem nemur 500 Bq/kg.
- e) Afurðir úr sojabaunum skulu ekki innihalda meira af geislavirku sesíum en sem nemur 500 Bq/kg.

---

B-deild – Útgáfud.: 18. júní 2012